

Mánudaginn 1. nóvember 1948.

Nr. 72/1945. **Jóhannes Kr. Jóhannesson**

gegn

Erlendi Erlendssyni.

Vísun máls frá hæstarétti.

Dómur hæstaréttar.

Máli þessu var skotið til hæstaréttar með stefnu 31. maí 1945 til þingfestingar í október s. á. Áfrýjandi hefur síðan 16 sinnum fengið frest í málinu og biður nú um frest til desembermánaðar næstkomandi, en ágríp dómsgerða hafa enn eigi borizt.

Stefndi hefur neitað um frestinn og krafizt frávisunar og ómaksbóta úr hendi áfrýjanda.

Að svo vöxnu máli þykir bera að visa málinu frá hæstarétti og dæma áfrýjanda til að greiða stefnda ómaksbætur, er ákveðast kr. 300.00.

D ó m s o r ð :

Máli þessu visast frá hæstarétti.

Áfrýjandi Jóhannes Kr. Jóhannesson greiði stefnda Erlendi Erlendssyni kr. 300.00 í málskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 5. nóvember 1948.

Nr. 128/1947. **Réttvísinn** (Hrl. Hermann Jónasson)

gegn

Arinbirni Sigurðssyni

(Hrl. Gunnar Þorsteinsson).

Setudómari Einar Arnalds borgardómari
í stað hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Líkamsárás.

Dómur hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda í hæstarétti, 450 krónur til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði Arinbjörn Sigurðsson greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin laun skipaðs sækjanda og verjanda í hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Hermanns Jónassonar og Gunnars Þorsteinssonar, 450 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 4. október 1947.

Ár 1947, laugardaginn 4. október, var í aukarétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu réttarins af Valdimar Stefánssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 3975/1947: Réttvisin gegn Arinbirni Sigurðssyni.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 1. þ. m., er af réttvisinnar hálfu höfðað gegn ákærða fyrir brot gegn XXIII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19, 12. febrúar 1940.

Ákærður er Arinbjörn Sigurðsson sjómaður, Sólvallagötu 5 A, hér í bæ. Hann er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur í Reykjavík 11. júní 1928. Hann hefur ekki sætt refsingu fyrr, en kærur og áminningum hefur hann sætt sem hér segir:

- 1942 $\frac{7}{8}$ Áminning fyrir að klifra upp í nýbyggingu og fíkta í verkfærum.
- 1942 $\frac{1}{8}$ Áminning fyrir að stelast upp í bíl ásamt öðrum dreng og renna honum nokkurn spöl.
- 1942 $1\frac{1}{2}$ Kærður fyrir að kaupa vörur af setuliðsmanni.
- 1943 $2\frac{1}{2}$ Kærður fyrir þátttöku í áfengissölu.
- 1943 $2\frac{1}{2}$ Kærður fyrir hnupl á verkfærum úr bifreið.
- 1943 $2\frac{1}{2}$ Kærður fyrir þjófnað á notuðum hjólbörðum.
- 1943 $2\frac{1}{2}$ Kærður fyrir þátttöku í þjófnaði á bifreið R 2302.
- 1943 $2\frac{1}{4}$ Kærður fyrir þátttöku í þjófnaði á bifreið R 1337.
- 1943 óvíst Kærður fyrir þátttöku í að stela armbandsúri.
- 1943 óvíst Kærður fyrir að stela rúsinum (Innbrot).
- 1943 $2\frac{1}{4}$ Kærður fyrir að stela 400 kr. frá móður sinni.
- 1943 í maí Kærður fyrir þjófnað. Dómsmálaráðuneytið ákvað með bréfi, dags. $1\frac{1}{4}$ 1944, að saksókn skyldi falla niður, en kærði skuli háður eftirliti sakadómara í eitt ár frá $1\frac{1}{4}$ 1944— $1\frac{1}{4}$ 1945, og málið skuli tekið upp af nýju, ef kærði

gerist sekur um nýtt brot á eftirlitstímanum eða óhlýðnast verulega settum reglum eftirlitsmanns.

Málavextir eru þeir, er nú skal greina:

Laugardagskvöldið 14. des. f. á. var ákærði á dansleik í veitingahúsinu Tjarnarcafé og með ákærða félagi hans, Hans Helgi Hansson, Kjartansgötu 10. Ákærði var að eigin sögn lítið eitt undir áhrifum áfengis. Á dansleik þessum var enn fremur Marius Guðmundur Guðlaugur Sigurjónsson verkamaður, Grund á Seltjarnarnesi, ásamt konu sinni og fleira fólki, og var þar á meðal Jón Þórarinn Sigurjónsson, Sogamýrarbletti 43. Virðast upptök atburða þeirra, er mál þetta er risið af, hafa verið þau, að nefndir Jón Þórarinn og Hans Helgi lentu í smávegis erjum út á dansgólfi, en úr þessu varð þó ekkert. Fór Jón Þórarinn að borði því, sem hann var við ásamt Mariusi. Nokkru síðar eða laust eftir kl. 12 á miðnætti, áttu þeir ákærði og Hans Helgi leið fram hjá borði þessu, og sátu þeir þá þar Marius og Jón Þórarinn svo og ein kona. Ákærði gekk á undan fram hjá borðinu, en Hans Helgi staðnæmdist og sagði við þá, sem þar sátu: „Hvernig hafið þið það, strákar,“ eða eitthvað á þá leið. Segir Jón Þórarinn, að nefndur Hans Helgi hafi ekki sagt þessi orð í fallegum tón og verið ófriðlegur í fasi, og svipaða sögu hefur Marius að segja, en Hans Helgi hefur mótmælt því, að tilgangur sinn hafi verið að stofna til illinda við þá. Marius skýrir svo frá því, sem á eftir gerðist, að hann hafi staðið upp og ýtt Hans Helga frá, til þess að forða því að til óeirða kæmi milli hans og Jóns Þórarins, en þá hafi ákærði, sem einnig hafi numið staðar, slegið sig fyrirvaralaust högg mikið í andlitið, svo að hann hafi hlotið mikil meiðsl af, svo sem síðar greinir. Jóni Þórarini ber í framburði sínum alveg saman við Marius, en bæði Hans Helgi og ákærði halda því fram, að Marius hafi slegið Hans Helga eitt högg, og hafi auk þess reynt að slá ákærða, en ákærði hafi vikið sér undan högginu, en hins vegar hefur ákærði greiðlega játað að hann hafi að því búnu slegið Marius eitt högg í andlitið og hafi hann við það hnigið niður á stól og fengið blóðnasir. Lögregla kom svo á vettvang og handtók ákærða.

Við athugun á Mariusi kom í ljós, að hann var nefbrotinn og bólginn í andliti. Af meiðslum þessum kveðst Marius hafa verið óvinnufær með öllu á aðra viku, eða fram til jóla, en meiðslin hafi síðan batnað alveg. Þó hafi önnur nösín lengi verið hálfstífluð, og eins sé ekki alveg laust við, að nef hans sé skakkt. Marius gerir í máli þessu þær skaðabótakröfur á hendur ákærða, að hann greiði sér 2000 krónur sem bætur fyrir vinnutap og auk þess 5000 krónur í sárabætur eða samtals 7000 krónur. Vaxta hefur eigi verið krafist.

Því þykir mega slá föstu að ákærði hafi með visvitandi líkamsárás valdið nefbroti Mariusar Guðmundar Guðlaugs Sigurjónssonar í umrætt skipti, og hefur ákærði þannig gerzt brotlegur við 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940. Enda þótt Marius kunni að hafa komið að einhverju leyti hvatskeytislega fram í því

að bægja féлага ákærða frá borðinu, fer því fjarri, að það geti afsakað jafn hrottalegt atferli og ákærði hafði í frammi þarna. Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin varðhald í 20 daga.

Er þá að athuga skaðabótakröfuna. Marius Guðmundur Guðlaugur kveðst um þessar mundir hafa verið að byggja hús sjálfur og hafa haft umsjón með verkinu og ekki stundað aðra vinnu. Telur hann beint tjón sitt töluvert mikið, þar eð hann hafi þurft að lita eftir húsbýggingunni. Enda þótt hann væri frá verki frá 15. des. og fram að eða fram yfir jól, þykir hann ekki hafa sannað, að hann hafi orðið fyrir 2000 króna tjóni af því. Verður að áætla þennan kröfulið. Þykir hæfilegt að dæma ákærða til að greiða hann að hálfu eða 1000 krónur. Bætur fyrir óþægindi þykja eftir atvikum hæfilega ákveðnar 1500 krónur. Samkvæmt framangreindu þykir rétt að dæma ákærða til að greiða Mariusi kr. 2500.00 í skaðabætur innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa.

Ákærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, að meðtöldum málsvarnarlaunum skipaðs talsmanns síns, Gunnars Þorsteinssonar hrl., er ákveðast 300 krónur.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus, þar eð dráttur sá, sem varð á málinu, stafar af erfiðleikum á að ná til ákærða, sem er sjómaður að atvinnu og oft fjarverandi langdvölum.

D ó m s o r ð :

Ákærði Arinbjörn Sigurðsson sæti varðhaldi í 20 daga.

Ákærði greiði Mariusi Guðmundi Guðlaugi Sigurjónssyni 2500 krónur innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs talsmanns síns, Gunnars Þorsteinssonar hrl., 300 krónur.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 5. nóvember 1948.

Nr. 64/1948. **Valdstjórnin** (Hrl. Hermann Jónasson)
gegn

George Reid (Hrl. Lárus Fjeldsted).

Fiskveiðabrot.

Dómur hæstaréttar.

Freymóður Þorsteinsson, settur bæjarfógeti í Vestmannaeyjum, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.